



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2004

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| <i>Starfsemin árið 2004</i> | 3 |
| Fjármögnun | 4 |
| Námskeið og þátttakendur | 4 |
| Símennt.is og netnám | 5 |
| Ný heimasíða | 5 |
| Útgáfumál | 5 |
| Skoðunarmenn reikninga | 5 |
| <i>Framtíðaráform og fyrstu skref</i> | 5 |
| <i>Einstök námskeið</i> | 6 |
| Samstarfsaðilar – umsjón verkefna | 6 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa | 6 |
| Framrás | 6 |
| Rekspölur | 6 |
| Félagsliðanám | 6 |
| Vandað til verka | 6 |
| Skýrt og skorinort | 7 |
| Brú Hjúkrunar- og móttökuritara | 7 |
| Kynningarfundur | 7 |
| Umsjónarmenn fasteigna | 7 |
| <i>Ráðgjöf og ný hjálfunarverkefni</i> | 7 |
| Ráðgjafi að láni | 7 |
| Járnsíða - skóli fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna | 8 |
| <i>Tilrauna- og þróunarverkefni</i> | 8 |
| NemaCode | 8 |
| <i>Lokaorð</i> | 8 |

Starfsemin árið 2004

Árið 2004 var þriðja heila starfsár Fræðslusetursins Starfsmenntar. Þau verkefni sem setrið hefur haft með höndum á undangengnum árum voru áfram á verkefnaskrá setursins. Að auki litu ný námskeið dagsins ljós, sem og ný verkefni.

Eins og áður þá hefur setrið lagt ríka áherslu á vandaðan undirbúning verkefna og með því stefnt á að hámarka gæði námskeiða og veittrar þjónustu. Miðað við mat þátttakenda á námskeiðum setursins og endurgjöf samstarfsaðila má halda því fram að setrið hafi unnið vel að þessari stefnu sinni.

Nokkrar breytingar urðu á innra starfi setursins og ber þar hæst ráðning Helgu Zoëga til starfa. Helga er menntaður stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og var ráðin í 50% starfshlutfall. Um skammtímaráðningu er að ræða til 1. ágúst 2005. Vegna aukins starfsmannahalds hefur Starfsmennt nú til umráða tvær aðskildar skrifstofur að Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Framkvæmdastjóri samdi við eigendur húsnæðisins um óbreytta leigu með því að gefa eftir innra herbergi skrifstofu sinnar í staðinn fyrir hina nýju aðstöðu.

Stjórn setursins er óbreytt frá síðasta ári, en hana skipa:

Aðalmenn:

- ✓ Árni St. Jónsson formaður (SFR)
- ✓ Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR)
- ✓ Ásgeir M. Kristinsson (Vegagerðin – tilnefndur af fjármálaráðuneyti)

Varamenn:

- ✓ Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR)
- ✓ Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Jakobína Þórðardóttir (StRv)
- ✓ Sonja María Hreiðarsdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins).

Þórarinn Eyfjörð er framkvæmdastjóri.

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu, sem er fjórum fundum færra en á árinu 2003. Ennfremur voru tveir vinnuhópar að störfum fyrir hönd setursins:

- ✓ **Stefnumótun og framtíðarsýn.** Guðmundur H. Guðmundsson tók þátt í vinnu stefnumótunarhóps fyrir hönd stjórnar, sem hafði það að markmiði að setja fram tillögur að framtíðarsýn fyrir setrið og starfssvið þess.
- ✓ **Skoðunarmenn stjórnar.** Arna Jakobína Björnsdóttir og Ásgeir M. Kristinsson skipuðu skoðunarhóps setursins, sem hafði það að markmiði að skoða reikninga félagsins fyrir hönd stjórnar.

Fjármögnun

Í fjárhagsáætlun fyrir 2004 var gert ráð fyrir að rekstrargjöldin á árinu myndu nema 66.001.005.- kr. Gjöld ársins urðu hins vegar 42.859.442.- kr. Ástæður þess að útgjöldin urðu lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir skýrist fyrst og fremst af því að ekki voru gangsett öll þau verkefni sem áætlað var og umfang annarra var í nokkrum tilfellum ekki eins mikið og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Drjúgur hluti framlaga til setursins á árinu komu frá Þróunar- og símenntunarsjóði SFR og Þróunar- og símenntunarsjóði Samflotsins. Framlag Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR nam um 42.3% (41% 2003) af tekjum ársins en Þróunar- og símenntunarsjóðs Samflotsins um 4.5% (5% 2003). Tekjur af námskeiðsgjöldum voru um 5.8% (2% 2003). Afgangurinn, eða um 47.4% (52% 2004), kom sem 0.15% framlag frá atvinnurekendum samkvæmt kjarasamningi. Framlögin frá Þróunar- og símenntunarsjóðunum grundvallast á því að þar eru sjóðirnir að vísa framkvæmd verkefna til Starfsmenntar.

Námskeið og þátttakendur

640 þátttakendur sóttu 43 námskeið og þjálfunartilboð setursins á árinu¹. Námskeiðin voru haldin víða um land, bæði staðbundin og send til þátttakenda í gegnum netskóla. Jafnframt tóku margir þátt í verkefninu *Ráðgjafi að láni*, þar sem ráðgjafar virkjuðu starfsmenn og stjórnendur þáttökustofnana í verkefna- og hópavinnu við framkvæmdina.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir þau námskeið sem Starfsmennt stóð að á árinu.

| Námskeið | Nafn umsjónaraðila | Staðsetning námskeiðs | Ár |
|--|------------------------------|-----------------------|------|
| Framrás 3 | Endurmenntun HÍ | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur I | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur I | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur II | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur II | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám | Framvegis | Reykjavík | 2004 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | Framvegis | Reykjavík | 2004 |
| Framrás 1 | EHÍ | Reykjavík | 2004 |
| Framrás 2 | EHÍ | Reykjavík | 2004 |
| Framrás 3 | EHÍ | Reykjavík | 2004 |
| Framrás 2 (Ánægðir viðskiptavinir) | SIMEY | Akureyri | 2004 |
| Framrás 1 | Fræðslunet Austurlands | Reyðarfjörður | 2004 |
| Vandað til verka - verndaðir vinnustaðir | Starfsmennt | Reykjavík | 2004 |
| Vandað til verka - verndaðir vinnustaðir | Starfsmennt | Reykjavík | 2004 |
| Umsjónarmenn fasteigna | Iðntæknistofnun | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur II | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Vandað til verka | Starfsmennt | Reykjavík | 2004 |
| Brú félagsliða | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 2004 |
| Skýrt og skorinort | Þekkingarmiðlun | Reykjavík | 2004 |
| Brú Hjúkrunar- og móttökuritarara | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 2004 |
| Umsjónarmenn fasteigna - framhald | Iðntæknistofnun | Reykjavík | 2004 |
| Framrás 3 | SIMEY | Akureyri | 2004 |

¹ Námskeiðið *Skýrt og skorinort* var haldið 13 sinnum.

| Námskeið | Nafn umsjónaraðila | Staðsetning námskeiðs | Ár |
|--|--------------------|-----------------------|------|
| Framrás 2 | Endurmenntun HÍ | Reykjavík | 2004 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám | Framvegis | Reykjavík | 2004 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | Framvegis | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur I | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur I | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur I | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |
| Rekspölur II | Fræðsluver GG | Reykjavík | 2004 |

Símennt.is og netnám

Á árinu var ákveðið að skoða framtíðarhlutverk Símennt.is í rekstrarumhverfi Starfsmenntar. Stjórnin kynnti sér sérstaklega þá þróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði á undanförunum árum og hver líkleg þróun kann að verða. Ljóst var að Guðbrandur Gíslason hafði hug á að selja netskólann Símennt.is og stjórn Starfsmenntar ákvað að athuga möguleg kaup. Eftir rækilega skoðun var ákveðið að ganga til samninga sem undirritaðir voru skömmu fyrir áramót.

Ný heimasíða

Ákveðið var á árinu að hefja undirbúningsvinnu að nýrri heimasíðu. Stefnt er að því að stórauka netlæga þjónustu og upplýsingagjöf og er áætlað að ný heimasíða verði tilbúin um mitt ár 2005.

Útgáfumál

Ákveðið var á árinu að prenta tvo kynningarbæklinga frá Starfsmennt. Bæklingarnir heita *Mannauðsstjórnun* og *Ráðgjafi að láni*. Texti í þessum bæklingum er unnin af Gylfa Dalmann, Ingrid Kuhlman og Björgvini Filippussyni undir ritstjórn framkvæmdastjóra setursins. Ákveðið var að bíða með dreifingu bæklinganna þar til að ný heimasíða setursins yrði tilbúin og nota þá í kynningarskygni á árinu 2005.

Skoðunarmenn reikninga

Á árinu var ákveðið að breyta fyrirkomulagi á félagslegri skoðun reikninga. Ákveðið var að fulltrúar stéttarfélaganna í stjórn Starfsmenntar myndu tilnefna skoðunarmenn úr sínum röðum. Þeir sem tilnefndir voru eru þeir Eyjólfur Magnússon fyrir hönd SFR og Jón Ingi Hilmarsson fyrir hönd StRv, Samflots og KJALAR.

Framtíðaráform og fyrstu skref

Í janúar síðastliðnum þá skilaði vinnuhópur um stefnumótun og framtíðarsýn skýrslu sinni *Framtíðaráform og fyrstu skref*. Í skýrslunni voru settar fram hugmyndir um uppbyggingu Fræðslusetursins Starfsmenntar sem samstarfsvettvangs ríkisins, BSRB-félaga og BHM-félaga í starfsþróun og endur- og símenntunarmálum. Þátttakendur í vinnuhópnum voru Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður Starfsmenntar, Jens Andrússon varaformaður BSRB og Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM. Framkvæmdastjóri Starfsmenntar var starfsmaður hópsins. Skýrslan var víða kynnt innan vébanda umræddra aðila og hlaut góðar viðtökur. Henni er ætlað að vera undirbúningsplagg vegna samningsgerðar aðila á árinu og færa fram hugmyndir um framtíðaruppbyggingu í málaflokknum.

Einstök námskeið

Samstarfsaðilar – umsjón verkefna

Rekstraraðferð Starfsmenntar í einstökum námskeiðum er að fá til samstarfs fræðsluaðila, sem hafa umsjón með námskeiðunum og geta þjónustað þau samkvæmt þeim gæðakröfum sem setrið setur. Þeir fræðsluaðilar sem setrið var í slíku samstarfi við á árinu 2004 voru:

Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík
Endurmenntun HÍ
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – SÍMEY
Fræðslunet Austurlands
Fræðsluver GG og Símennt.is
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Iðntæknistofnun
Borgarholtsskóli
Fjölbautaskólinn við Ármúla
Þekkingarmiðlun

Starfsnám stuðningsfulltrúa

Starfsnám stuðningsfulltrúa var rekið með hefðbundnum hætti í Reykjavík. Framvegis- miðstöð um símenntun í Reykjavík, hefur verið móðurstöð þessa náms. Það hefur haft jafna og góða aðsókn og boðið er bæði upp á grunn- og framhaldsnámskeið á hvorri önn. Engin merki voru sjáanleg um það að eftirspurn væri að minnka á námskeiðin í Reykjavík. Hinsvegar þótti ekki ástæða til að bjóða upp á námskeiðin á landsbyggðinni þar sem vel hafði verið gert í því efni á árinu 2003.

Framrás

Framrásarnámskeiðin skiptast í þrjár sjálfstæðar línur, sem eru Framrás 1, Framrás 2 og Framrás 3. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð fólki í skrifstofustörfum hjá ríkinu. Frá upphafi hefur Endurmenntun HÍ verið umsjónaraðili námsins í Reykjavík en á árinu bauð setrið jafnframt upp á námskeiðin á Akureyri, þar sem SÍMEY var umsjónaraðili og á Austurlandi, þar sem Fræðslunet Austurlands var umsjónaraðili.

Rekspölur

Rekspölur, almennt starfsnám fyrir starfsmenn ríkisins, hefur verið í gangi í allnokkur ár. Rekspölur skiptist í tvær sjálfstæðar einingar, I og II. Frá upphafi hefur það verið Fræðsluver GG sem hefur verið umsjónaraðili Rekspalarnámskeiðanna. Námskeiðin eru dreifnám, það er að segja bæði staðbundin og á netinu og fer nethlutinn í gegnum Símennt.is. Eingöngu var boðið upp á Rekspöl í Reykjavík á árinu.

Félaggliðanám

Á árinu voru tvær bekkjardeildir í námi félaggliða, en í því námi er starfsreynsla stuðningsfulltrúa og starfstengd námskeiðspátttaka metin til styttingar á námi til félaggliða. Byrjunarhópur frá hausti 2003 hóf sitt seinna námsár á haustönn 2004 og þá byrjaði einnig nýr hópur í námi. Námið fer fram í Borgarholtsskóla og er síðdegisnám með vinnu.

Vandað til verka

Á árinu 2003 leituðu Samtök um vinnu- og verkþjálfun (Verndaðir vinnustaðir) eftir aðstoð Starfsmenntar til að skipuleggja og hanna þjálfun fyrir stjórnendur, verkstjóra

og leiðbeinendur á vernduðum vinnustöðum. Starfsmennt undirbjó og skipulagði þjálfunarferli sem var boðið upp á á vordögum og hausti 2004, samtals í þrjú skipti.

Skýrt og skorinort

Starfsmennt bauð upp á námskeið í starfsmannasamtölum á árinu og voru þau kölluð *Skýrt og skorinort*. Námskeiðin voru einungis boðin þeim stofnunum sem hafa tekið þátt í verkefninu *Ráðgjafi að láni*. Það var Þekkingarmiðlun ehf. sem var umsjónaraðili námskeiðanna og fóru þau að mestu fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Brú Hjúkrunar- og móttökuritara

Unnið hefur verið að því um hríð á vettvangi starfsgreinaráðs að koma á laggirnar námi fyrir Hjúkrunar- og móttökuritara, þar sem starfsreynsla þeirra og starfstengd námskeiðspáttaka yrði metin til styttingar á námi. Þessi leið hefur verið kölluð BRÚ. Samþykkt var af Menntamálaráðuneytinu að hefja kennslu samkvæmt forskrift í námsskrá og ákvað Þróunar- og símenntunarsjóður að stuðla að góðri framkvæmd námsins með því að fela Starfsmennt að koma að skipulagningu og stuðningi við undirbúning og gangsetningu þess í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla, en þar er námið hýst.

Kynningarfundur

Starfsmennt stóð fyrir einum kynningarfundum í samstarfi við SKÝRR á árinu. Starfsmannastjórum og forstöðumönnum stofnana sem þátt hafa tekið í verkefninu *Ráðgjafi að láni* var boðin þátttaka í kynningu á mannauðsstjórnunarhluta Oracle. Fór kynningin fram hjá SKÝRR og var hún mjög vel sótt.

Umsjónarmenn fasteigna

Á árinu 2004 var haldið eitt námskeið fyrir umsjónarmenn fasteigna og var um að ræða framhaldsnámskeið. Samstarfsaðili Starfsmenntar var Iðntæknistofnun og fór námið fram þar.

Ráðgjöf og ný þjálfunarverkefni

Ráðgjafi að láni

Ráðgjafi að láni hélt áfram á árinu enda reynslan af því verkefni frá árinu 2003 einkar góð. Markmiðið með ráðgjöfinni er að aðstoða stofnanir við greiningu og áætlanagerð í starfsþróunarmálum og endur- og símenntun starfsmanna. Þær stofnanir sem þátt tóku í verkefninu voru;

| Nafn stofnunar |
|-------------------------------|
| Heilsustofnun NLFÍ |
| Ríkiskaup |
| Fasteignamat ríkisins |
| Hafrannsóknarstofnun |
| Siglingastofnun Íslands |
| Fiskistofa |
| Fangelsismálastofnun ríkisins |
| Vinnueftirlit ríkisins |

Ráðgjafarnir sem veittu ráðgjöfina voru þeir sömu og áður; Gylfi Dalmann, Björgvin Filippusson og Ingrid Kuhlmann.

- ✓ Ingrid Kuhlmann vann með Hafrannsóknarstofnun, Siglingastofnun Íslands og Fiskistofu.
- ✓ Björgvin Filippusson vann með Fasteignamati ríkisins, Ríkiskaupum og Heilsustofnun NLFÍ.
- ✓ Gylfi Dalmann vann með Vinnueftirliti ríkisins og Fangelsismálastofnun ríkisins.

Járnsíða - skóli fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna

Undirbúningur að þjálfunar- og námskeiðstilboðum fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna hélt áfram á árinu. Stýrihópur verkefnisins hélt áfram störfum og gangsettir voru vinnuhópar, hverra hlutverk var að greina þjálfunarþörf ákveðinna starfsþátta og starfs- og vinnustaðatengdra mála innan sýslumannsembættanna. Starf vinnuhópa gekk vel og staða verkefnisins var skv. áætlun í lok ársins. Gert er ráð fyrir að námsskrá, námsefni og námskeiðsáætlanir verði tilbúnar í sumarbyrjun 2005.

Tilrauna- og þróunarverkefni

NemaCode

Á árinu 2003 óskaði Nema ehf. eftir stuðningi Starfsmenntar við þróunarverkefnið NemaCode, sem hlotið hefur styrk frá Leanardó – áætlun Evrópusambandsins og var unnið í samvinnu við menntastofnanir í Bretlandi, Þýskalandi og Tékklandi undir forystu Nema ehf. Óskaði Nema ehf. eftir samstarfi í formi námskeiða fyrirtækisins fyrir stofnanir og starfsmenn þeirra. Setrið ákvað að leggja verkefninu lið með þeim hætti að kanna hvort einhverjar ríkisstofnanir hefðu áhuga á að nýta sér þjónustu Nema ehf. Stjórn Starfsmenntar ákvað að styðja stofnanir, sem þess óskuðu, til að halda umrædd námskeið hjá sér. Samanlagt heildarframlag til umræddra verkefna eða námskeiða gæti numið allt að 1.5 milljónum króna. Gert var ráð fyrir að verkefnið yrði gangsett á árinu 2004. Ekkert varð af því en stjórnendur Nema ehf. héldu þó reglulegu sambandi við framkvæmdastjóra Starfsmenntar og lýstu yfir áhuga sínum á að verkefnið yrði að veruleika.

Lokaorð

Starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar gekk vel á árinu 2004. Starfsemin er að vaxa á grunni eftirspurnar og er góður möguleiki á að styrkja og efla starfið. Þegar litið er til verkefna þess síðustu þrjú starfsár þá má draga þá ályktun að setrið geti haft mikilvægu hlutverki að gegna á sviði starfsþróunarmála og endur- og símenntunar innan starfsmannahópa og stofnana ríkisins. Því þarf stefna setursins og starfsmarkmið á hverjum tíma að vera skýr og ákveðin.